


11. júlí 2014

## Spáum 0,3% lækkun verðlags í júlí

Greiningardeild spáir því að vísitala neysluverðs (VNV) lækki um 0,3% í júlí frá fyrri mánuði. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan standa í stað milli mánaða og mælast 2,2%. Júlí er útsöllumánuður og því munu verðmælingar litast af þeim áhrifum en við gerum þó ráð fyrir að áhrifin gangi að fullu leyti til baka í ágúst og september. Húsnæðisverð hefur hækkað að undanförunu og áætlum við að sú þróun haldi áfram í júlí mánuði sem vigtar að einhverju leyti á móti verðlækkunum á útsöluvörum. Flugliðurinn er stærsti óvissuþátturinn í spá okkar eins og svo oft áður en við gerum ráð fyrir að flugfargjöld lækki og hafi um 0,1% áhrif til lækkunar á VNV. Aðrir liðir hafa minni áhrif á verðlag í mánuðinum en helst má nefna að matarkarfan og hótél og veitingastaðir hafa væg áhrif til hækkunar á VNV á meðan aðrir liðir s.s. tómstundir og menning hafa áhrif til lækkunar líkt og sjá má á myndinni hér að neðan.

Helstu áhrifapættir í júlí mánuði



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014


Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði felur í sér að VNV hækki um 0,2% í ágúst og 0,5% í september þegar sumarútsölur ganga til baka. Jafnframt er gert ráð fyrir að verðlag hækki um 0,5% í október og ef sú spá raungerist mun ársverðbólga mælast 2,7% í október nk. Ástæðan fyrir hækkun ársverðbólgu í október er sú að í fyrra hækkaði verðlag einungis um 0,01% í umræddum mánuði. Því gæti ársverðbólgan farið yfir verðbólguþröng Seðlabankans tímabundið en sú spá er háð nokkurri óvissu og veltur það meðal annars á því hvernig gengisþróun verður á haustmánuðum.

Helstu atriði í júlí spánni:

- **Sumarútsölur hefjast og hefðbundin lækkun á fötum og skóm kemur fram.** Síðastliðin ár hafa sumarútsölur haft mest áhrif á þróun verðlags í júlí og verður engin breyting á því að þessu sinni. Föt og skór lækka mest í mánuðinum og gerum við ráð fyrir að áhrifin á VNV verði um 0,5% til lækkunar. Ársverðbólgan breytist lítið vegna þessa enda áætlum við að útsöluáhrifin verði svipuð og í fyrra og að þau gangi síðan til baka í ágúst og september líkt og sjá má á myndinni að neðan.  
**Áhrif í júlí: -0,5%**

## Útsöluáhrif yfir sumarmánuðina

- Föt og skór, áhrif á VNV yfir sumarið (%)




Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

- Flugfargjöld lækka en eldsneytisverð hækkar.** Við gerum ráð fyrir að flugfargjöld lækki í mánuðinum og hafi 0,09% áhrif til lækkunar á VNV enda hækkuðu flugfargjöld um 11,7% í júní og höfðu 0,24% áhrif á VNV til hækkunar. Við gerum því ráð fyrir að hækkun flugfargjalda á vormánuðum gangi til baka í júlí og ágúst, að hluta til, og er það í takt við þróunina síðastliðin ár. Samkvæmt mælingum Greiningardeildar hækkar verð á bensíni um 1,7% milli mánaða og verð á díselolíu um 1,1% og áætluð við að áhrifin á VNV verði um 0,06% í júlí mánuði.  
**Áhrif í júlí: -0,03%.**
- Húsnæðisverð heldur áfram að hækka.** Húsnæðisliðurinn hefur verið fyrirferðamikill í síðustu verðmælingum Hagstofunnar og hefur fasteignaverð um land allt hækkað um 8,4% síðustu 12 mánuði og um 10,6% á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Við gerum ráð fyrir að fasteignaverð um land allt hækki um 0,8% í júlí og hafi um 0,11% áhrif á VNV til hækkunar. Við gerum ráð fyrir að aðrir liðir s.s. hiti og rafmagn og greidd húsaleiga hafi um 0,03% áhrif til hækkunar á VNV.  
**Áhrif í júlí: +0,14%.**

## Þróun fasteignaverðs samkvæmt mælingum Hagstofunnar

- 12 mánaða breyting (%)



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

- Lítill breyting á öðrum liðum.** Litlar breytingar eru á öðrum liðum en má þó helst nefna að við spáum því að matarkarfan hafi um 0,04% áhrif á VNV til hækkunar. Einnig er gert ráð fyrir að hótél og veitingastaðir hafi 0,03% áhrif til hækkunar á meðan aðrir liðir lækka lítillega.  
**Áhrif í júlí: +0,08%.**

## Bráðabirgðaspá – lægsta ársverðbólga síðan í ársbyrjun 2011


Gangi spá okkar eftir mun ársverðbólgan mælast 2,2% í júlí og haldast óbreytt milli mánaða en lækka svo í 2,0% í ágúst og yrði það lægsta ársverðbólga síðan í febrúar 2011. Þá má rifja upp að árið 2011 hækkaði verðbólgan á einu ári úr tæpum 2% í rúm 6% og má rekja hækkunina til mikilla launahækkana í kjölfar kjarasamninga annars vegar og veikingu krónunnar hins vegar. Það endurspeglar því mikilvægi þess að

kjaraviðræður leiði af sér hóflegar launahækkningar þegar samningar verða lausir í árslok. Einnig mun gengi krónunnar hafa áhrif á þróun verðbólgu næstu mánuði en Seðlabankinn hefur nú ákveðið að hefja regluleg kaup á gjaldeyrismarkaði á ný. Sú ákvörðun bendir til þess að Seðlabankinn vilji ekki sjá gengi krónunnar styrkjast mikið yfir sumar mánuðina og má velta fyrir sér hvort fram komi veiking á gengi krónunnar þegar liður á haustið og tekjur af ferðamannastraumnum fara dvínandi. Eins og sakir standa teljum við ekki miklar líkur á verulegri veikingu á gengi krónunnar í haust og eru því verðbólguhorfur góðar ef litið er fram á við.

Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar til næstu þriggja mánaða er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði og óbreyttu gengi krónunnar. Sumarútsölur hafa veruleg áhrif til lækkunar í júlí en ganga svo að einhverju leyti til baka í ágúst og september. Í skammtímaspánni lækkar ársverðbólgan í 2,0% í ágúst en hækkar svo aftur í 2,2% í september og í 2,7% í október.

#### Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Ágúst +0,2%.** Gert er ráð fyrir því að sumarútsölur gangi að einhverju leyti til baka og að föt og skór hafi um 0,2% áhrif til hækkunar á VNV. Við áætlum að ferðaliðurinn hafi einhver áhrif til lækkunar í mánuðinum.
- **September +0,5%.** Gert er ráð fyrir að föt og skór hækki enn frekar og hafi tæplega 0,4% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig hækka aðrir minni liðir og verða áhrif á VNV í mánuðinum 0,5% til hækkunar.
- **Október +0,5%.** Við áætlum að margir liðir hafi lítilleg áhrif til hækkunar í mánuðinum. Gert er ráð fyrir að húsnæðisverð hækki hóflega í mánuðinum og einnig liðir s.s. ferðaliðurinn og tómstundir og menning.



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

#### Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir  
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is

Erna Björg Sverrisdóttir  
erna.sverrisdottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Hafsteinn Hauksson  
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

#### Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir  
regina.bjarnadottir@arionbanki.is  
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)